


SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

NORRÆNT TENGLANET UM NÁM FULLORÐINNA (NVL) WWW.NORDVUX.NET

Nám fullorðinna er svið sem nýtur forgangs í norrænu samstarfi. NVL, Norræna tengslanetið um nám fullorðinna, er nú að ljúka sínu öðru starfsári. Netið er verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Starfsemi tengslanetsins byggist á stefnu ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir, á áætlun stýrihóps um fullorðinsfræðslu (Styrgruppen för vuxnas lärande, SVL) og einnig á áherslum landsins sem fer með formennsku hverju sinni en árið 2006 hafa Norðmenn gegnt formennsku fyrir norræna samstarfið. Í þessari grein er farið yfir starfsemi NVL á Íslandi árið 2006. Þar ber hæst fjögur verkefni, tvö mismunandi verkefni á sviði fjar-kennslu, gæði í fullorðinsfræðslu og starf þankabanka um færni til framtíðar og er starfi hans lýst sérstaklega í annarri grein í ritinu.

Eins og fram kom í grein um tilurð og stofnun Norræna tengslanetsins um nám fullorðinna í Gátt 2005 eru fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum og sjálfstjórnarsvæðunum Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi í netinu. Fulltrúarnir koma frá mismunandi stofnunum í löndunum, danski fulltrúinn er frá danska kennaraháskólanum, sá finnski og sá norskri eru frá regnhlífarsamtökum fullorðinsfræðsluáðila, sænski fulltrúinn frá fullorðinsfræðslu sveitarfélagsins Kristianstad og á Íslandi var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið verkefnið og er þar í umsjá undirritaðrar.

Regluleg starfsemi fer að stærstum hluta fram rafrænt. Hópurinn hittast á sýndarskrifstofu, Virtuella kontoret. Þar er skjalasafn, spjallrás, dagatal, grunnupplýsingar um alla sem standa að netinu og enn fremur vefumsjónarkerfi heimasíðu tengslanetsins, www.nordvux.net. Á sýndarskrifstofunni fara einnig fram reglulegir fundir NVL tvisvar í mánuði. Hægt er að fara inn á skrifstofuna hvar sem er í heiminum ef fyrir hendi er tölva og háhraðatenging við Netið.



Sýndarskrifstofan (Virtuella kontoret VK)

Fulltrúarnir í netinu hittast á venjulegum fundum fjórum sinnum á ári og þar að auki kemur hópurinn saman tvisvar á ári í tengslum við stærri viðburði sem tengslanetið stendur fyrir. Á fyrsta árinu var lögð sérstök áhersla á að marka stefnu netsins. Fulltrúarnir skiptu síðan á milli sín verkum við að fylgja eftir tengslanetum sem til voru fyrir, s.s. Fangelsismálaneti og Lestrarráði, eða koma á laggirnar nýjum tengslanetum. Einnig kemur NVL að verkefnum og rannsóknum sem þegar hafði verið komið af stað og vinnur að undirbúningi nýrra.



Nokkrir fulltrúar í NVL á námstefnu þankabanka NVL um færni til framtíðar á Selfossi í ágúst 2006 í þjóðbúningum landa sinna. Frá vinstri talið: Ellen frá Noregi, Antra framkvæmdastjóri, Kate verkefnastjóri, Sigrún frá Íslandi og Carola frá Finnlandi



NVL á Íslandi hefur á árinu 2006 sinnt fjórum meginverkefnum:

1. Þátttöku í starfshópi um símenntun fyrir fjarkennslukennara um upplýsingatækni og lýðræði
2. Vinnu með tengslanet um fjarkennslu
3. Stofnun bakhóps og undirbúningi og framkvæmd námstefnu um gæði í fullorðinsfræðslu
4. Störfum með þankabanka um færni til framtíðar og miðannar námstefnu, samanber greinina Færni til framtíðar? Norrænn þankabanki sem einnig er í ársritinu



Starfshópur um símenntun á Íslandi í nóvember 2005, frá vinstri: Staffan Hubinette, Johanni Larjanko, Björn Garefelt, Elisabeth Kempe, Ingemar Svensson

STARFSHÓPUR UM SÍMENNTUN FYRIR FJARKENNSLUKENNARA

Fulltrúi Íslands í NVL starfaði með hópi sem vann að þróun símenntunarnámskeiðs fyrir kennara/leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu sem nýta sér upplýsingatækni við kennsluna með áherslu á virkt lýðræði og fjarkennslu. Á vegum hópsins var kennt eitt 12 vikna námskeið í tilraunaskyni frá febrúar til maí 2006 og annað var sett af stað í september í haust. Námskeiðið er hluti af stærra verkefni á vegum

norrænu ráðherranefndarinnar, DEMOS, og markmiðið er að efna til funda meðal aðila sem fást við fullorðins- og alþýðufræðslu til þess að miðla reynslu af notkun upplýsingatækni við fjarkennslu þvert á landamæri Norðurlandanna. Í námskeiðinu er áhersla á þrjú þemu:

- Hugtök, viðhorf og reynslu í kennslu um notkun upplýsingatækni
- Umræður. Náms hópurinn fundar og stundar lýðræðislegar umræður á Netinu
- Netíð sem vettvangur lýðræðislegra ferla til að virkja fólk til þátttöku í samfélaginu

Á námskeiðinu gefst tækifæri til þess að komast í samband við aðra norræna kennara og leiðbeinendur. Námskeiðið er ókeypis, stendur yfir í fimmtíu stundir á tíu vikum og fer einungis fram á Netinu. Ætlast er til að þátttakendur leggi af mörkum fimm tíma á viku til námskeiðsins.

FJARKENNSLUNET

Annar hópur, sem fulltrúi Íslands tekur þátt í, er tengslanet fjarkennslu. Í þeim hópi sitja fulltrúar frá félögum þeirra sem notfæra sér upplýsingatækni í kennslu.

Eitt af fjórum markmiðum NVL er að eiga frumkvæði að þverfaglegu samstarfi til þess að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins og samfélaganna á Norðurlöndunum. Tækifæri til þess er að hafa vettvang þar sem ólíkar stofnanir, verkefni eða tengslanet, sem vinna að menntun eða þróun, geta komið saman. Þetta er hugmyndin sem liggur til grundvallar stofnunar tengslanets sem vinnur að fjarkennslu. Markmið tengslanetsins er að sýna fram á lausnir, miðla reynslu og nýsköpun. Tengslanetið hefur ákveðið að einbeita sér árið 2007 að námi á vinnustöðum og undirbýr ráðstefnu í samstarfi við danska rannsóknaráðuneytið á Eigtved-bryggju í maí á næsta ári. Í tengslum við ráðstefnuna mun hópurinn safna dæmum um fyrirmyndarverkefni og setja á laggirnar gagnagrunn með upplýsingum um verkefni.



Fulltrúar í fjarkennslunetinu funda í Finnlandi í september 2006. Frá vinstri: Torhild Slåtto, Jyrki Käppi, Sigrún Kr. Magnúsdóttir, Jørgen Grubbe, Hróbjartur Arnason og Elisabeth Isaksson



Frá námsstefnu um gæði í fullorðinsfræðslu á Kríunesi

GÆÐI Í FULLORÐINSFRÆÐSLU

Annað af markmiðum NVL er að vinna að eflingu gæða í fullorðinsfræðslu á Norðurlöndunum. Það kom í hlut Noregs að stofna norrænt tengslanet um gæði. Þar var ákveðið að fara óhefðbundna leið, byrja á því að stofna bakhópa í hverju landi sem svo veldu fulltrúa úr sínum hópi til þess að vera með í norræna hópnum. Bakhópnum var auk þess falið ákveðið hlutverk: að gera grein fyrir gæðavinnu, hver í sínu landi og standa fyrir námstefnu um gæðastarf í heimalandinu á árinu 2006. Fyrsti fundur í bakhópnum á Íslandi var haldinn mánudaginn 6. mars í húsnæði FA. Í hópnum eru Arnbjörn Ólafsson, Mennt, Guðmunda Kristinsdóttir, FA, Guðrún Jóhannsdóttir, Fræþingi, Gylfi Einarsson, Iðunni, Kristín Njálisdóttir, Landsmennt, Sigríður Ágústsdóttir, Fjöltækniskóla Íslands, og undirrituð. Hópurinn hittist nokkrum sinnum, undirbjó námsstefnu um gæði í fullorðinsfræðslu sem haldin var á Kríunesi 31. maí. Fundurinn hófst með hádegisverði. Þá fluttu erindi um gæðamál frá ólíkum sjónamiðum: Einar Ragnar Sigurðsson, gæða- og öryggisstjóri SKÝRR, Aðalbjörn Ólafsson, Mennt. Julie Ingham, Enskuskólanum, Guðmunda Kristinsdóttir, FA og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, FA. Að erindunum loknum fór fram hópavinna sem Sigrún Jóhannsdóttir leiddi. Nærri fimmtíu manns sóttu námsstefnuna við góðan róm. Bakhópurinn á Íslandi heldur áfram störfum og vinnur nú að kortlagningu á stöðu gæðamála á Íslandi. Fulltrúar úr bakhópnum, sem sitja í norræna hópnum, eru: Gylfi Einarsson og Sigríður Ágústsdóttir.

UPPLÝSINGAVEITA

NVL heldur úti heimasíðu á slóðinni www.nordvux.net. Þar eru birtar upplýsingar um hvaðeina sem viðkemur námi fullorðinna og starfsemi netsins. Rafrænt fréttabréf, sem fulltrúar landananna skrifa, kemur út 11 sinnum á ári og tímaritið DialogWeb átta sinnum á ári. Sérstök ritstjórn stendur fyrir útgáfu tímaritsins, ritstjórnarfulltrúi Íslands er Arnbjörn Ólafsson, Mennt. Einu sinni á ári er ritið gefið út á prentuðu formi. Þeir sem hafa áhuga á að fá ritin er bent á að hægt er að skrá sig í áskrift á heimasíðunni með því að senda tölvupóst á sigrunkri@frae.is eða hringja í síma 599 1407. Þeir sem hafa hug á að koma á framfæri fréttum af fullorðinsfræðslu er bent á að hafa samband við undirritaða.

ANNAÐ STARF

Starfsemi NVL hefur eflst mjög mikið á þessu öðru starfsári. Öll löndin sjá um starf að minnsta kosti tveggja starfshópa eða tengslaneta og starfsemin er afar fjölbreytt. Tengslanetin spanna yfir svið eins og náms- og starfsráðgjöf, raunfærni, fullorðinsfræðslu í formlega skólakerfinu, eldra fólk í atvinnulífinu, atvinnulíf fyrir alla, lestrarráð, kennslufræði og rannsóknir. Fjöldi þeirra Íslendinga, sem taka á einn eða annan hátt í norrænu samstarfi á vegum þess, er nú á þriðja tug.



UM HÖFUNDINN

Sigrún Kr. Magnúsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hún er ritstjóri Gáttar og fulltrúi Íslands í norrænu tengslaneti um nám fullorðinna. Sigrún Kristín hefur B.A.-próf frá Háskóla Íslands í norsku, tónlistarfræðum og heimspeki, M.sc.-próf í stjórnsýslu og ferðaþjónustu frá University of Massachusetts og kennsluréttindi frá Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur sinnt ýmsum störfum við menntun og fræðslu fullorðinna frá 1987, sem framkvæmdastjóri fræðsluráðs hótél- og veitingagreina og kennslustjóri Hótél- og matvæðaskólans í MK og Lista-háskóla Íslands. Sigrún Kristín hefur einnig sinnt þýðingum, bæði kennslubóka og bókmenntaverka.

ABSTRACT

Adult education has priority in Nordic cooperation. NVL, Nordic Network for Adult Learning, is now completing its second year of operations. The Network is run under the auspices of the Nordic Council of Ministers. Operations are based on the Nordic Council of Ministers' research and education policy and on the planning elaborated by the Steering Committee for Adult Learning. The country holding the NCM presidency, currently Norway (2006), also influence policy. This article covers NVL, Nordic Network for Adult Learning, operations in Iceland during 2006. There are four main projects, two on differing aspects of distance learning, one on quality in adult education and one on an idea bank on skills for the future. The last-mentioned is covered in a separate article in this document.